

## GJALDSKRÁ

### Hornafjarðarhafnar.

#### 1. gr.

##### *Almenn ákvæði.*

Gjaldskrá þessi fyrir Hornafjarðarhöfn er sett skv. heimild í 17. gr. hafnalaga nr. 61/2003, sbr. bráðabirgðaákvæði I.

Gjaldskráin er við það miðuð að Hornafjarðarhöfn geti haft nægar tekjur til þess að standa undir rekstri hafna, sbr. 5. tölulið 3. gr. hafnalaga.

#### 2. gr.

##### *Um gjaldtöku tengda stærð skipa.*

Við ákvörðun gjalda, sem taka mið af stærð skipa, skal miðað við brúttótonnatölu skipa samkvæmt alþjóðlegu mælingarbréfí, sem gefið er út í samræmi við alþjóðasamþykktina um mælingu skipa frá 1969.

Af öllum skipum skal greiða tilheyrandi gjöld til hafnarsjóðs ef þau koma inn fyrir takmörk hafnarinnar og njóta þjónustu hennar.

#### 3. gr.

##### *Skipagjöld.*

###### *Lestargjöld:*

Af öllum skipum skal greiða lestargjald 14,25 kr. á mælieiningu skv. 2. gr. en þó ekki oftar en tvísvar í mánuði.

###### *Bryggjugjöld:*

Af öllum skipum sem leggjast við bryggju eða hafnarbakka skal greiða samkvæmt eftirfarandi:

Skip við bryggju 4 kr. á mælieiningu fyrir hverja byrjaða 12 tíma, sem skip liggur bundið, hámark 26 sinnum í mánuði.

Heimilt er að taka lestar- og bryggjugjald af fiskiskipum og minni bátum, sem mánaðargjald, 88,80 kr. á mælieiningu, en þó aldrei lægra en 10.909 kr. á mánuði. Bátar minni en 20 brt greiði þó aldrei lægra en 6.348 kr. á mánuði.

#### 4. gr.

##### *Vörugjöld.*

Vörugjald skal greiða af öllum vörum sem fluttar eru af skipsfjöl á land eða úr landi á skipsfjöl, eða úr einu skipi í annað, innan takmarka hafnarinnar, þó með þeim undantekningum er síðar er getið.

Fyrir vörur sem samkvæmt farmskrá skips eru ákvæðnar til annarrar hafnar, innlendar eða erlendar, en eru látnar á land um stundarsakir, skal aðeins greitt vörugjald þegar vörurnar eru fluttar í land. Undanþegnar þessu gjaldi eru vörur sem látnar eru á land um stundarsakir vegna skemmda á skipi.

Af vörum, sem fluttar eru á skip og fara eiga til annarra hafna innanlands greiðist hálf vörugjald.

Af vörum sem koma frá útlöndum og fara eiga áfram til útlanda er heimilt að innheimta fullt vörugjald þegar vörurnar eru fluttar í land.

Pessar vörur eru algjörlega undanþegnar vörugjaldi:

- Umbúðir sem endursendar eru.
- Olía, vistir og aðrar nauðsynjar skipa til eigin notkunar.
- Almennar póstsendingar og fárangur ferðamanna.
- Úrgangur sem fluttur er til eyðingar.

Vörugjald reiknast eftir þyngd eða verðmæti, með umbúðum og af hverri sendingu sérstaklega. Fara skal eftir farmskrá skipa við útreikning vörugjalds. Skipstjóri, eða afgreiðslumaður skips, skal láta höfninni í té afrit af farmskrá. Sé engri farmskrá til að dreifa skal skipstjóri gefa drengskapar-

vottorð um vörumagn sem fermt hefur verið eða affermt úr skipi hans. Þyki hafnarstjóra ástæða til getur hann hvenær sem er látið ákveða vörumagnið á þann hátt sem hann telur hentugast. Reynist vörumagnið vera meira en upp er gefið greiðir farmeigandi kostnaðinn. Séu fleiri en ein vörutegund í sendingu ósundurliðað skal reikna vörugjaldið eftir þeiri tegund sem hæst gjald skal greiða af.

Vörur skal flokka til vörugjalds eftir því sem vörugjaldskrá tiltekur og gjaldið greiðist eins og þar segir:

#### Vörugjaldskrá:

1. fl.: Gjald kr. 287 fyrir hvert tonn:  
Kol, laust korn, salt, vikur, kísilgúr, bensín, brennsluolíur, þörungamjöl, sement, áburður og úrgangur sem fluttur er til endurvinnslu.
2. fl.: Gjald kr. 550 fyrir hvert tonn:  
Lýsi og fiskimjöl.
3. fl.: Gjald kr. 594 fyrir hvert tonn:  
Pungavarningur, svo sem sekkjavörur, óunnið járn og stál, veiðarfæri, smurningsolíur, sjávarafurðir, landbúnaðaráfurðir, hráefni til iðnaðar og byggingaframkvæmda. Pökkuð og niðursoðin matvæli, óáfengar drykkjarvörur og ávextir.
4. fl.: Gjald 1,60%. Sjávarafli lagður á land eða í skip á hafnarsvæðinu til vinnslu eða brottflutnings, þ.m.t. fiskur og seiði úr eldiskvíum. Gjaldið reiknast af heildarverðmæti aflans.  
Gjald af frystum afla frystitogara og eldisfiski reiknast af helmingi heildarverðmætis.  
Gjald af saltfiski reiknast miðað við tvöfalda þyngd og gjald af gámafiski reiknast af áætluðu heildarverði.  
Seljanda aflans ber að afhenda hafnarstjóra skýrslu um seldan afla um leið og sala hefur átt sér stað, t.d. afrit af aflaskýrslu til Fiskistofu. Aflagjaldið fellur í gjalddaga um leið og afla er landað. Kaupandi aflans innheimtit gjaldið hjá seljanda og er ábyrgur fyrir því til hafnarsjóðs þótt hann vanræki innheimtu þess.  
Hámarksgjald samkvæmt lið þessum er 6.188 kr. hvert tonn.  
Lágmarksgjald í öllum flokkum er 225 kr.

#### 5. gr.

##### *Hafnsögugjöld.*

Hafnsögugjöld skulu greidd samkvæmt eftirfarandi gjaldskrá aðra leið:

Fyrir leiðsögu til hafnarinnar 4.857 kr. fyrir hvert skip, auk 7,75 kr. fyrir hvert brúttotonn.

##### *Þjónusta lóðsbátsins Björns lóðs:*

|                                       |                  |
|---------------------------------------|------------------|
| Flutningur á hafnsögumanni, hver ferð | 22.000 kr./ferð  |
| Þjónusta innan hafnargarðs            | 25.000 kr./klst. |
| Þjónusta utan hafnargarðs í dagvinnu  | 35.000 kr./klst. |
| Þjónusta utan hafnargarðs í yfirvinnu | 45.000 kr./klst. |

##### *Festargjöld:*

|                                   |            |
|-----------------------------------|------------|
| Fyrir hvern festarmann í dagvinnu | 11.200 kr. |
|-----------------------------------|------------|

##### *Farþegagjald:*

|                                                |        |
|------------------------------------------------|--------|
| Gjald fyrir hvern farþega á skemmtiferðaskipum | 45 kr. |
|------------------------------------------------|--------|

##### *Vatnssala:*

|                       |                                             |
|-----------------------|---------------------------------------------|
| Vatnsafgreiðslugjald  | 8.600 kr./hver afgreiðsla utan dagvinnutíma |
| Vatn til skipa        | 354,50 kr./m <sup>3</sup>                   |
| Vatn til stærri       | 2.428 kr./mán.                              |
| Vatn til heimasimbáta | 1.420 kr./mán.                              |

##### *Sorpjald:*

Sorpurðunargjald fer eftir gjaldskrá sveitarfélagsins, [www.hornafjordur.is](http://www.hornafjordur.is).

|                                                                   |            |
|-------------------------------------------------------------------|------------|
| Fyrir sorphirðu rukka starfsmenn hafnarinnar fyrir hverja sérferð | 11.200 kr. |
|-------------------------------------------------------------------|------------|

|                                         |              |
|-----------------------------------------|--------------|
| Almennt sorpjald, stærð skips < 10 tonn | 526 kr./mán. |
|-----------------------------------------|--------------|

|                                           |                |
|-------------------------------------------|----------------|
| Almennt sorpjald, stærð skips 10-100 tonn | 2.489 kr./mán. |
|-------------------------------------------|----------------|

|                                          |                |
|------------------------------------------|----------------|
| Almennt sorpjald, stærð skips > 100 tonn | 3.862 kr./mán. |
|------------------------------------------|----------------|

|                    |           |
|--------------------|-----------|
| Fyrir hverja losun | 5.598 kr. |
|--------------------|-----------|

|                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                             |                                             |
|-----------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|---------------------------------------------|
| <i>Vogargjald:</i>                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                          |                                             |
| Almenn vigtun                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                               | 150 kr./tonn                                |
| Lágmarksgjald fyrir einstaka vigtun                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                         | 891 kr.                                     |
| Skránингargjald afla                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                        | 99 kr./tonn                                 |
| Yfirvinna vigtarmanns                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                       | 4.300 kr. pr. klst.                         |
| Útkall utan dagvinnu er 2 klst.                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                             |                                             |
| Magnafsláttur er veittur á skráningargjaldi fyrir uppsjávarfisk (síld, loðnu o.fl.) skv. eftirfarandi reglum:                                                                                                                                                                                                                                                               |                                             |
| 1 - 10.000 tonn á ári                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                       | 32 kr./tonn                                 |
| 10.001 - 20.000 tonn á ári                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                  | 16 kr./tonn                                 |
| 20.001 og meira á ári                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                       | 8 kr./tonn                                  |
| <i>Kranagjald:</i>                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                          |                                             |
| Kranagjald (hámark 10 skipti á mán.)                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                        | 812 kr.                                     |
| <i>Rafmagnssala:</i>                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                        |                                             |
| Almennt raforkugjald án vsk.                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                | 15 kr./kwst.                                |
| Tengigjald                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                  | 8.600 kr. hver afgreiðsla utan dagvinnutíma |
| <i>Hreinsunar- og mengunarstörf:</i>                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                        |                                             |
| Hafnarverðir við hreinsun- og mengunarstörf                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                 | 5.513 kr. fyrir hverja klst. í dagvinnu     |
| Hafnarverðir við hreinsun- og mengunarstörf                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                 | 9.924 kr. fyrir hverja klst. í yfirvinnu    |
| <i>Móttaka skipa sem falla undir ISPS-kóða:</i>                                                                                                                                                                                                                                                                                                                             |                                             |
| Öryggisgjald fyrir hverja skipakomu                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                         | 35.000 kr.                                  |
| Öryggisgæsla og farmvernd í dagvinnu                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                        | 5.602 kr.                                   |
| Öryggisgæsla og farmvernd í yfirvinnu                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                       | 11.273 kr.                                  |
| <i>Leiga á gámasvæði – geymsla fyrir bátakerrur:</i>                                                                                                                                                                                                                                                                                                                        |                                             |
| Lóð fyrir 40 feta gám                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                       | 2.000 kr. á mán.      24.000 kr. á ári      |
| Lóð fyrir bátakerru                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                         | 2.000 kr. á mán.      24.000 kr. á ári      |
| Aðstoð Björns lóðs við hjálparvana skip:                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                    |                                             |
| Fyrir skip sem eigi komast til hafnar fyrir eigin vélarafla (hjálparvana) en eru þó ekki í yfirlifandi hættu fer um greiðslu samkvæmt samkomulagi frá 16. september 1987 milli Samsteypu íslenskra fiskiskipatrygginga og Landhelgisgæslu Íslands annars vegar og Landhelgisgæslu Íslands og LÍÚ hins vegar. Helstu ákvæði þess samnings, m.v. lánskjaravistölu 3.990 stig. |                                             |
| Skip innan við 100 brúttótonn:                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                              |                                             |
| Grunngjald                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                  | 128.443 kr.                                 |
| Fyrir hverja rúmlest 20-70                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                  | 2.250 kr.                                   |
| Fyrir hverja rúmlest 70-100                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                 | 3.586 kr.                                   |
| Tímagjald í lausakeyrslu                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                    | 32.360 kr.                                  |
| Tímagjald fyrir báta í drætti                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                               | 41.701 kr.                                  |
| Tímagjald fyrir lausakeyrslu og drátt báta < 26 brt                                                                                                                                                                                                                                                                                                                         | 32.360 kr.                                  |
| Skip stærri en 100 brúttórúmlestir:                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                         |                                             |
| Grunngjald, lágmark                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                         | 875.590 kr.                                 |
| Grunngjald, hámark                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                          | 1.476 kr.                                   |
| Tonnajgald                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                  | 2.557 kr./brt                               |
| Hver klst. í lausakeyrslu                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                   | 51.122 kr./klst.                            |
| Hver klst. með skip í drætti                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                | 76.679 kr./klst.                            |

6. gr.

*Um innheimtu og greiðslu gjalda.*

Hafnarstjóri sér um innheimtu allra gjalda skv. gjaldskrá þessari og skal greiða gjöldin á skrifstofu hafnarinnar. Heimilt er að leita samþykktis skrifstofunnar til notkunar greiðslumiðlunar við uppgjör skulda.

Skipstjóri og eigandi skips bera ábyrgð á greiðslu gjalda þeirra sem greiða ber til Hornafjarðarhafnar vegna skipsins. Er skipstjóra skyldt við komu til hafnar að gefa hafnarstjóra upplýsingar um skipið í samræmi við ákvæði 5. mgr. 33. gr. reglugerðar nr. 326/2004 um hafnamál og afhenda

hafnarstjóra þjóðernis- og skrásetningarskírteini skipsins, ef hafnarstjóri krefst þess vegna ófullnægjandi upplýsinga frá skipstjóra og hefur hafnarsjóður halðsrétt yfir skírteinum uns gjöld eru greidd. Töf og tjón sem af þessu hlýst er einvörðungu á ábyrgð og kostnað greiðanda áfallinna gjalda.

Áfallin gjöld skal greiða áður en skip fer burt úr höfninni og enginn skipstjóri getur vænst þess að fá afgreiðslu fyrir skip sitt hjá sýslumanni eða tollstjóra, nema að hann sanni með vottorði frá hafnarstjóra að hann hafi greitt öll gjöld sín til hafnarinnar.

Vörugjald greiðist af öllum vörum sem eru affermdar, afhentar eða fluttar, eða komið á annan hátt sjóleiðis eða landleiðina, inn fyrir mörk hafnarinnar. Vörugjaldið reiknast skipi til skuldar áður en skip hefur siglingu, nema sérstaklega sé samið um annað. Vörugjald er á ábyrgð farmflytjanda og er afhending vöru án greiðslu vörugjalds á hans ábyrgð.

Ef vörur eru fluttar úr einu skipi í annað greiðir sá vörugjaldið sem affermir.

Vörugjald af vörum sem koma til hafnarinnar fellur í gjalddaga þegar skipið sem vörurnar flytur er komið í höfnina og vörugjald af vörum sem fluttar eru úr höfninni fellur í gjalddaga þegar vörurnar eru komnar í skip. Skipstjóra og afgreiðslumanni skips er óheimilt að afhenda vörurnar fyrir en gjaldið er greitt.

Öll gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari má ávallt tryggja með aðför að undangengnum dómi.

Skipagjöld eru tryggð með lögveði í viðkomandi skipi eða vátryggingarfé. Gengur það veð í tvö ár fyrir samningsveðkröfum sbr. ákvæði 2. mgr. 21. gr. hafnalaga nr. 61/2003. Hornafjarðarhöfn er heimilt að krefjast frekari trygginga fyrir greiðslu áfallinna gjalda ef ástæða þykir til.

Öll gjöld í gjaldskrá þessari eru án virðisaukaskatts. Hornafjarðarhöfn er skylt að innheimta virðisaukaskatt af öllum gjöldum í gjaldskrá þessari, sbr. 3. tl. 3. gr. laga nr. 50/1988 um virðisaukaskatt.

7. gr.

*Gildistaka.*

Gjaldskrá þessi fyrir Hornafjarðarhöfn er skv. hafnalögum nr. 61/2003 og 37. gr. reglugerðar um hafnamál nr. 326/2004.

Gjaldskráin öðlast gildi við birtingu og fellur eldri gjaldskrá úr gildi.

Samþykkt í hafnarstjórn Hornafjarðarhafnar 12. mars 2015.

*Samþykkt í bæjarstjórn Sveitarfélagsins Hornafjarðar, 9. apríl 2015.*

**Björn Ingi Jónsson** bæjarstjóri.

---

B-deild – Útgáfud.: 9. júní 2015